

„Augun mín eru eins og þín“

Ævisaga

Skáld-Rósa. Ljós móðirin Rósa Guðmundsdóttir

Gísli H. Kolbeins. 279 bls. Bókaútgáfan Salka 2007.

Skáld-Rósa eða Vatnsenda-Rósa (1795-1855) var goðsögn í lifanda lífi. Ekki var það eingöngu vegna rómaðrar fegurðar hennar og hagamælsku heldur einnig vegna skrautlegs ástálífs. Flestir þekkja vísur sem hún orti til Natans Ketilssonar, ástmanns síns, þess er skötu hjúin Agnes og Friðrik myrtu með köldu blóði, en færri vita um afdrif afkomenda hennar eða um stöðu hennar og störf í samfélaginu, en Rósa lærði til ljósmóður hjá landlækni á sínum tíma. Nú hefur sr. Gísli H. Kolbeins ritað ævisögu Rósu eftir bestu heimildum sem tiltækar eru. Efnistöð Gísla einkennast af vandvirkni og virðingu fyrir viðfangsefninu, stíllinn er fornlegur, bókin rituð á gullaldarmáli. Ævi Rósu er rakin og innan um útlistanir og ítarlegar sviðsetningar koma skáldlegir kaflar eða innskot og samtöl, en Gísli vill hafa aðeins það í sögunni sem sannara reynist: „Stundum verður ágiskun færð í stílinn, hugsanlega nærri veruleika. Ágiskunin er afmörkuð með orðinu „þankainnskot“ við upphaf og enduð með striki undir getgátunni“ (8).

Mikil rannsóknarvinna liggur að baki ævisögunni. Sr. Gísli hefur lúslesið prestsþjónustubækur, annála, manntöl, bréfabækur og æviskrár. Farið er vandlega yfir heimildir og ekki skensast með neitt. Aðdáendur Rósu verða eflaust fyrir vonbrigðum þegar þeir sjá rök leidd gegn meintu ástarsambandi hennar og Páls Melsteðs, sýslumanns. Auk þess eru settar fram nýjar söguskýringar um frægar vísur eins og „Augun mín...“ og „Langt er síðan sá ég hann“ (93). Gísli sýnir örlögum Rósu djúpan skilning og samúð; Ólafur, fyrri eiginmaður Rósu, á sér nokkrar málsbætur en Nathan er eins og djöfull í mannsmynd, holdgervingur losta og ógæfu. Ritun ævisögu Vatnsenda-Rósu er löngu tímabær. Hún er auðsjáanlega rituð af nákvæmni og elju en er einhvern veginn tvístígandi, hvorki hreinn skáldskapur né eiginleg sagnfræði.

Steinunn Inga Óttarsdóttir

<http://steinunninga.wordpress.com/>